

20. september 2024, Reykjanesbær

Menntaráð

**Efni: Endurgerð og uppbygging skólalóða í Reykjanesbæ.**

Við skólastjórar í Reykjanesbæ viljum vekja athygli á mikilvægi verkefnisins um endurgerð skólalóða nú þegar fjárhagsáætlunarvinna fyrir árið 2025 er að hefjast. Það er brýnt að hefja vinnu við skólalóðir Njarðvíkurskóla og Háaleitisskóla og ljúka við skólalóðir Heiðarskóla og Akurskóla.

Einnig er nauðsynlegt að tryggja að Myllubakkaskóli og Holtaskóli fái nýjar skólalóðir samhliða uppbyggingu skólanna.

Skólalóðir eru mikilvægur þáttur í vellíðan nemenda og því er nauðsynlegt að þær séu í góðu ástandi og uppfylli allar kröfur um öryggi og aðstöðu til leikja og útivistar.

Við vonum að Menntaráð taki þetta mál til alvarlegrar skoðunar og tryggi nauðsynlega fjármuni til þessara verkefna árið 2025.

**Virðingarfyllt**

Helga Hildur Snorradóttir

Hlynur Jónsson

Lóa Björg Gestsdóttir

Rafn Markús Vilbergsson

Sigurbjörg Róbertsdóttir

Unnar Stefán Sigurðsson